



Rauðka ehf.

b.t. Birgis Tjörva Péturssonar, lögmanns, og
Guðmundar Kristjánssonar

Fjallabyggð, 28. júlí 2020
Málsnr. 2002008 / EP

Efni: Afstaða Fjallabyggðar varðandi tillögu Rauðku ehf. (Selvíkur ehf.), dags. 16. júlí 2020

I.

Vísað er til svokallaðs „fimm liða samkomulags“ (hér eftir „samkomulagið“) Rauðku ehf. (hér eftir „Rauðka“ sem er enn tilgreindur sem formlegur aðili samkomulagsins) og Fjallabyggðar (hér eftir „Fjallabyggð“ eða „sveitarfélagið“) dags. 28. apríl 2012. Á grundvelli B-hluta þess samkomulags var að beiðni Rauðku skipaður sérstakur viðræðuhópur í því skyni að ræða um og leita sameiginlegs skilnings á liðum 1 og 2 í samkomulaginu, þ.e. framkvæmdum við miðbæ Siglufjarðar annars vegar og framkvæmdum á Tanganum (Leirutanga) hins vegar.

Það er mat Fjallabyggðar að skynsamlegt hafi verið af hálfu aðila samkomulagsins á þessum tímapunkti að færa samtal aðila um framkvæmdir samkvæmt samkomulaginu í formlegan farveg á þann hátt sem gert var með stofnun viðræðuhópsins.

II.

Viðræðuhópurinn fundaði alls fjórum sinnum. Fyrsti fundurinn var haldinn þann 30. mars sl. og sá síðasti þann 13. maí sl. Auk þess sem viðræðuhópurinn fundaði einu sinni með oddamanni, sem skipaður var að beiðni Rauðku á grundvelli samkomulagsins og í kjölfar bréfs Rauðku dags 8. júní sl.

Á umræddum fundi með oddamanni þann 16. júlí sl. var af hálfu Rauðku lögð fram tillaga að nánari útfærslu og/eða breytingum á efni samkomulagsins. Í tillögunni fólst meðal annars að störfum viðræðuhóps lyki formlega með gerð bindandi samkomulags um tímasetningar á lokum framkvæmda samkvæmt liðum 1. og 2 í samkomulaginu, sem síðar yrði staðfest sérstaklega á fundi sveitarstjórnar með formlegu samþykki.

III.

Í tillögu Rauðku um breytingar á samkomulaginu felst einkum að Fjallabyggð takist á hendur auknar skuldbindingar frá því sem samið var um í samkomulaginu frá 2012, þ.e. á þann hátt að framkvæmdir af hálfu bæjarins varðandi atriði sem fram koma í liðum 1. og 2 verði tímasettar og útgjöld ákvörðuð í samræmi við það.

Að gefnu þessu tilefni vill Fjallabyggð áréttta að hluti þeirra framkvæmda sem um ræðir í umræddum liðum samkomulagsins eru háðar afstöðu utanaðkomandi aðila, til að mynda ríkisins varðandi vegagerð. Af þeim sökum er ákveðinn ómöguleiki til staðar varðandi að tímasetja framkvæmdir og þá um leið útgjöld þar sem sveitarfélagið hefur ekki fullkomna stjórn á atburðarásinni.



Það er því mat sveitarfélagsins að það sé bæði óskynsamlegt, og jafnvel ómögulegt, vegna forsendna sem það hefur ekki stjórn á að breyta eða uppfæra samkomulagið frá 2012 á þann hátt sem Rauðka leggur til. Á hinn bóginn er til þess að líta að Fjallabyggð hefur þegar lýst yfir að til standi að ljúka þeim verkefnum sem um ræðir og fram koma í liðum 1 og 2 í samkomulaginu á yfirstandandi kjörtímabili. Fyrir liggur að mikið hefur verið gert undanfarnar vikur og mánuði í því að undirbúa og ljúka við þá liði sem um ræðir sbr. t.d. fyrirbyggjandi samantekt deildarstjóra tæknideildar sveitarfélagsins, dags. 31. mars 2020. Þá liggur enn fremur fyrir að hönnun miðbæjarins á Siglufirði hefur þegar verið boðin út og að því stefnt af hálfu sveitarfélagsins að framkvæmdir hefjist á vormánuðum 2021. Um þetta hefur Rauðka verið upplýst.

IV.

Með vísan til umfjöllunar hér að ofan, sbr. það sem fram kemur í minnisblaði Fjallabyggðar til viðræðuhópsins, dags. 31. maí sl., gera áætlanir sveitarfélagsins ráð fyrir því að framkvæmdum við miðbæ Siglufjarðar verði lokið haustið 2022. Byggir sú áætlun á því að endanlegar tillögur hönnuða liggja fyrir á haustmánuðum 2020. Þannig verður mögulegt að bjóða framkvæmdir við breytingu á miðbænum út í febrúar 2021 og vinna verkið á árunum 2021 og 2022. Ein megin forsenda þess að þetta gangi eftir er að samkomulag takist um aðkomu Vegagerðarinnar að þeim þætti sem að stofnuninni (ríkinu) snýr. Fyrirhugað er að taka upp þráðinn í samtali sveitarfélagsins við Vegagerðina varðandi þennan þátt strax að loknum sumarleyfum.

Hvað varðar framkvæmdir á Leirutanga hefur að frátöldu því sem nú þegar hefur verið framkvæmt verið tekin ákvörðun um að leggja göngustíga um svæðið, móta land og jafna syðst á tanganum og hreinsa þau svæði sem undir sveitarfélagið heyra. Þá hefur lóðinni að Vesturtanga 18 verið skilað til sveitarfélagsins en uppi voru áform hjá lóðarhafa um að byggja þar þjónustumiðstöð fyrir tjaldsvæðið. Að síðustu má geta þess að reiknað er með framkvæmdum við smábátahöfnina á næstu tveimur árum, munu þær framkvæmdir bæta ásýnd svæðisins verulega.

Mikilvægt er að taka fram að sá vilji Fjallabyggðar, sem lýst er hér að framan, um fyrirhugaðar framkvæmdir samkvæmt samkomulaginu er háður ýmsum ytri aðstæðum. Til að mynda liggur alltaf fyrir í öllum ákvarðanatökum sveitarfélagsins sú almenna forsenda að stærri útgjaldaákvæðanir verða að taka mið af lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins og fjárhagslegri afkomu þess hverju sinni. Það væri því afar óábyrgt fyrir sveitarfélagið að festa með skuldbindandi hætti í samkomulagi við þriðja aðila á óvissutímum líkt og þeim sem nú eru uppi. Þrátt fyrir það er vilji sveitarfélagsins skýr hvað varðar vilja þess til að ljúka framkvæmdum á þann hátt sem að framan greinir.

Fjallabyggð ítrekar enn fremur fyrri yfirlýsingar sínar um að Rauðka verði upplýst reglulega um stöðu verkefna eftir því sem þeim vindur fram. Til einföldunar væri hagfellt fyrir báða aðila að Rauðka myndi tilnefna ákveðinn tengilið sem sveitarfélagið gæti verið í beinum formlegum samskiptum við vegna framkvæmdanna og þá upplýst viðkomandi um stöðu þeirra á hverjum tíma. Það myndi að mati sveitarfélagsins auðvelda og einfalda öll samskipti vegna samkomulagsins. Er þess farið á leit að Rauðka tilnefni slíkan aðila.

Fjallabyggð lítur svo á að með aðkomu þess að fundum viðræðuhópsins, auk fundar með skipuðum oddamanni, sé störfum hópsins lokið. Sveitarfélagið væntir þess að geta átt í góðum og uppbyggilegum



samskiptum við Rauðku til lengri framtíðar um framgang verkefna sem snúa að þróun sveitarfélagsins í samræmi við ákvæði samkomulagsins frá 2012. Sveitarfélagið lítur svo á að sú framtíðarsýn sem birtist í samkomulaginu sé vönduð, vel ígrunduð og vel til þess fallin að gera Fjallabyggð að enn betra samfélagi fyrir þá sem í sveitarfélaginu búa. Auk þess sem að þær hugmyndir sem þar koma fram geti gert að verkum að Fjallabyggð geti orðið enn eftirsóttari áningarstaður, jafnt innlendra sem erlendra ferðamanna að sumri jafnt sem vetri. Þessi sýn er í grunninn viðhorf sveitarfélagsins til samkomulagsins og framkvæmda á þeim liðum sem þar er kveðið á um að stefnt skuli að.

Virðingarfyllst,
fh. bæjarstjórnar
Fjallabyggðar



Elías Pétursson
bæjarstjóri

Afrit sent:
Friðrik Árni Friðriksson Hirst, skipaður oddamaður